

2. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2018-2022 vegna Undralands haldinn þriðjudaginn 30. október 2018 kl. 15.00.

Mætt: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Unnsteinn Eggertsson (H), sem ritaði fundargerð og Hanna Björk Grétarsdóttir (D og óháðir). Einnig sátu fundinn Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir, leikskólastjóri, Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Fríður Sæmundsdóttir, fulltrúi foreldraráðs.

FUNDARSTAÐUR: LEIKSKÓLINN UNDRALAND

DAGSKRÁ:

1. Skólanámskrá Undralands
2. Starfsáætlun fyrir yfirstandandi skólaár veturinn 2018-19
3. Mat/uppgjör starfsáætlunar síðasta skólaárs 17-18
4. Skýrsla skólastjóra
5. Erindisbréf skólanefndar
6. Gjaldskrá fyrir árið 2019
 - a) Samanburður á gjaldskrá
 - b) Tillaga H-lista um breytingu á gjaldskrá
7. Frá sveitarstjórn
 - a) Bókun D-lista og óháðra um lækkun leiksskólagjalda
8. Drög að fjárhagsáætlun ársins 2019
9. Gjaldskrá mótuneytis fyrir árið 2019
10. Úttekt Heilbrigisefirlits Suðurlands 18. september sl.
11. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi

Formaður setti fund og bauð fundarfólk velkomið. Gengið var til dagskrár.

1. Skólanámskrá Undralands

Skólastjóri fór yfir námsskránna og farið yfir gátlistann og merkt við þau atriði sem lokið er við og þau sem eftir er að vinna í.

Skólanefnd samþykkir skólanámskrá fyrir Undraland.

2. Starfsáætlun fyrir yfirstandandi skólaár veturinn 2018-19

Skólastjóri fór yfir starfsáætlunina og farið yfir gátlistann og merkt við þau atriði sem lokið er við og þau sem eftir er að vinna í.

Undir þessum lið var rætt um samanburð á Mentor og Karellen. Ekki er enn ljóst hvort kerfið verði nýtt í starfi leikskólans.

Skólanefnd samþykkir starfsáætlun fyrir yfirstandandi skólaár.

3. Mat/uppgjör starfsáætlunar síðasta skólaárs 17-18

Skólastjóri fór yfir hvernig tekist hefur að fylgja eftir mati/uppgjöri starfsáætlunar fyrir síðasta skólaár. Áætlunin hefur gengið vel eftir.

FB

HB

FBB

FS

UE

4. Skýrsla skólustjóra.

Hefðbundið starf á leikskólanum er nú komið í nokkuð fastar skorður. Börnin hafa verið frísk og mætt vel og sama má segja um starfsfólk ef undan er talið nokkrir dagar í síðustu viku þar sem magapest herjaði all hressilega á og um tíma leit út fyrir að við þyrftum að loka deild en það slapp fyrir horn með góðu samstarfi foreldra og starfsfólks.

Nokkuð hefur verið um launalaus leyfi sem við höfum leyst að mestu leiti innan húss en þó fengum við afleysingu í þrjá og hálfan dag í byrjun október. Starfsfólk vinnur af sér að mestu þessi frí en eins og gefur að skilja geta þeir sem eru í 100% starfi lítið unnið af sér.

Í september var farið í fjöruferð sem heppnaðist mjög vel, foreldrafélagið borgaði rútuna fyrir okkur. Kynningarfundir deilda voru á sínum stað og voru þeir nokkuð vel sóttir. Á þessum fundum er farið yfir starfið og foreldrar hafa tækifæri til að ræða um starfið. Foreldrafundir eru langt komnir og hafa gengið vel.

Almenn ánægja er með leikskólann og við fengum hrós frá túlkinum okkar fyrir frábæra þjónustu við tvítyngda foreldra. Túlkur situr fundi og /eða símatúlkur tekur þátt í viðtalinu.

Núna eru 38 börn á leikskólanum, við tökum inn eitt barn 1.nóvember og síðan eru komnar sex umsóknir fyrir árgömul börn frá áramótum fram í apríl. Til þess að geta boðið þessum börnum pláss þurfum við að bæta við starfsfólki. Við erum komnar með tvær umsóknir um áramót en einn starfsmaður fer í fæðingarorlof í desember og annar starfsmaður hefur sagt upp störfum og hættir í desember.

Við erum bjartsýnar og vonum að við fáum fleiri umsóknir um áramót. Stjórnendateymið er búið að sitja námskeið vegna persónuverndarlaga og höfum aðlagð vinnubrögð í samræmi við ráðleggingar persónuverndarfulltrúa. Eitthvað þarf að huga að læstum geymslum á deildum og er það í vinnslu hjá okkur.

Elma og Katrín fóru á námskeið um Blæ og Elma er komin með TRAS réttindi.

Haustþing leikskólakennara var haldið 5. október á Selfossi og voru starfsmenn ánægðir með það sem var í boði þar.

Leikskólinn tók þátt í plastlausum September og kom átakið vel út fyrir skólann og ljóst er að áfram verður haldið í þeim málum.

Skýrslan rædd og samþykkt samhljóða.

5. Erindisbréf skólanefndar.

Formaður fór yfir drög að nýju erindisbréfi fyrir skólanefnd. Samþykkt að formaður, í samvinnu við sveitarstjóra, ljúki við erindisbréfið í samræmi við umræður á fundinum og leggi fyrir næsta fund.

FD

HBG

JBB

FS

UE

6. Gjaldskrá fyrir árið 2019.

a) Samanburður á gjaldskrá.

Formaður lagði fram og fór yfir samanburð á gjaldskrá fyrir leikskólann miðað við önnur sveitarfélög, m.a. nágrennasveitarfélög.

b) Tillaga H-lista um breytingu á gjaldskrá.

Gjaldskrá Undralands vegna leikskólagjalda hefur ekki hækkað undanfarin ár. Þrátt fyrir það leggur Skólanefnd Hrunamannahrepps 2018-2022 til að gjaldskrá verði ekki hækkuð en taki eftirfarandi breytingum:

1. Gjaldfrelsi verði á elsta árgang frá og með næstu áramótum.
2. Frá 1. september 2019 verði gjaldfrelsi jafnframt sett á þau börn sem fara í grunnskóla að ári.
3. Systkinaafsláttur haldi sér, 50% en frítt fyrir þriðja systkini fellur niður.
4. Fyrir börn sem ekki eiga lögheimili í sveitarfélaginu greiðist fullt gjald.

Greinargerð:

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og telur H- listinn að stefnt skuli að gjaldfrelsi þess á sama hátt og grunnskóla. Gjaldfrjálst elsta stig leikskólans var eitt af áhersluatriðum H-listans, en með þessari breytingu er gengið lengra með því að líta svo á að um fyrsta skref í átt til gjaldfrjáls leikskóla fyrir alla aldurshópa sé að ræða. Þar með verði skýrari sú sýn að leikskólinn er fyrsta skólastig barna á leið þeirra í menntakerfi sveitarfélagsins.

Lagt er til að breytingin taki gildi um næstu áramót í samræmi við forsendur við fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins.

Með því að leggja til að elsti árgangur leikskólans verði gjaldfrjáls nú um áramót er stigið fyrsta skrefið á þeirri leið. Foreldrar barna á elsta stigi leikskólans hafa flest hver greitt leikskólagjöld fyrir barn/börn sín alla skólagönguna og m.a. í ljósi þess þykir eðlilegt að byrja á þessu aldursstigi. Tillagan felur þannig í sér að strax á næsta ári verði í raun tveir árgangar gjaldfrjálsir, þ.e. börn fædd árið 2013 verði gjaldfrjáls um áramót en börn fædd árið 2014 verði gjaldfrjáls 1. september 2019. Skólanefnd Hrunamannahrepps telur að með þessu móti gæti yngsta skólastigið verið orðið gjaldfrjálst á sex árum sé vel haldið á málum. Með því er jafnframt verið að gera Hrunamannahrepp að fýsilegri kost fyrir barnafjölskyldur til að setjast hér að sem er ein af forsendum þess að styrkja rekstur leikskólans, svo hann sé betur í stakk búinn að takast á við fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar. Miðað við núverandi rekstarumhverfi sveitarfélagsins teljum við margt okkur hagfellt til að fara í þessa aðgerð.

Tillagan rædd og borin undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

7. Frá sveitarstjórn.

a) Bókun D-lista og óháðra um lækun leikskólagjalda.

Við hjá D-lista Sjálfstæðismanna og óháðra leggjum til að leikskólagjöld verði lækkuð um a.m.k. 30% og að því verði tekið mið við fjárhagsáætlun 2019. Það er nauðsynlegt að skapa hér góð skilyrði fyrir barnafjölskyldur og laða að ungt fólk í sveitarfélagið okkar. Með því að lækka leikskólagjöldin teljum við að fólk hugsi hingað þegar það tekur ákvörðun um framtíðarbúsetu. Fyrir hönd D-lista Sjálfstæðismanna og óháðra, Bjarney Vignisdóttir og Jón Bjarnason.

Handwritten signatures and initials in blue ink: FFB, FB, HBB, FS, and a large signature.

Bókunin rædd og borin undir atkvæði. Með vísan í afgreiðslu dagskrárliðar nr. 6-b er tillögunni hafnað með öllum greiddum atkvæðum.

8. Drög að fjárhagsáætlun ársins 2019

Formaður fór fyrir fjárhagsáætlunina fyrir leikskólann fyrir næsta ár. Farið var yfir einstaka liði. Skólanefnd samþykkir áætlunina.

9. Gjaldskrá mötuneytis fyrir árið 2019

Formaður fór yfir forsendur vegna fjárhagsáætlunagerðar fyrir árið 2019.

Eftirfarandi tillaga að gjaldskrá var lögð fram:

Gjaldskrá 2019

Leikskóli: Morgunhressing 75 kr. (var 73 kr.)
Matur 350 kr. (var 340 kr.)
Síðdegishressing 115 kr. (var 112 kr.)

Starfsfólk: Matur 370 kr. (var 360 kr.)

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

10. Úttekt Heilbrigisefirlits Suðurlands 18. september sl.

Skólastjóri fór yfir niðurstöður úttektarinnar sem lögð er fram til upplýsinga.


11. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi

a) Brunaúttekt. Samþykkt að taka efni úttektarinnar fyrir á næsta fundi.

b) Gátlistinn. Samþykkt að taka liði nr. 9 og 10 fyrir næsta fund.

Næsti fundur er ráðgerður fimmtudaginn 29. nóvember kl. 15.00.

Engin önnur mál tekin fyrir. Fundi slitið kl. 16.00.


Elsa Magnúsdóttir
Hanna Björnsdóttir
Júliana Þorleifsdóttir
Frjáls Þorleifsdóttir
Fíndur Samundsdóttir
